

FUNDARGERÐ
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
145. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 8. maí kl. 13:00



Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2013 – seinni umræða:
3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 05.05. 2014:
4. Ljósvefningabúð - erindi:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Pormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 5. lið; Fjárstyrkur til framboða og undir 6. lið; Kynning á mögulegri ljósleiðaravæðingu. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

2. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2013 – fyrri umræða:

Ársreikningur sveitarfélagsins 2013 lagður fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunarskýrslu KPMG.

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2013 samþykktur samhljóða og undirritaður.

Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 05.05.2014:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 5. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 5 liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

4. Ljósvefningabúð – erindi:

Lagt fram erindi dags. 30. apríl s.l. frá Gunnhildi Ingólfssdóttur og Árna Njálssyni þar sem þau lýsa áhuga sínum á að kaupa Ljósvefningabúð þegar eignarhaldið á eigninni liggur fyrir.

Viðræðum sveitarfélagsins við Ungmennafélagið Gaman og alvöru um eignarhaldið á Ljósvefningabúð er ekki lokið og því ótímabært að taka afstöðu til erindisins. Sveitarstjórn leggur áherslu á að viðræðum um eignarhaldið ljúki sem fyrst.

5. Fjárstyrkur til framboða:

5. Fjárstyrkur til framboða vegna sveitarstjórnakosninga 2014 tekinn til umræðu. *Samþykkt að fjárstyrkur verði 70.000 til hvers þess framboðs í Þingeyjarsveit sem kjörstjórn samþykkir.*

6. Kynning á mögulegri ljósleiðaravæðingu:

Til fundarins mætti Gunnar Björn Þórhallsson frá fyrirtækinu Tengir hf. til að kynna möguleika á ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins og frumathugun á því verkefni.

Sveitarstjórn þakkar Gunnari fyrir kynninguna. Sveitarstjórn samþykkir að láta gera frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu og samþykkir allt að 300 þús.kr. sem viðauka við fjárhagsáætlun 2014 vegna verkefnisins.



Þingeyjarskóli

Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit er samrekin skóli með með starfsstöðvar við Haftralækjarskóla og Litlulaugaskóla. Undir stofnunina heyra grunn- og tónlistardeildir á báðum stöðum og leikskóladeildirnar Barnaborg og Krílabær.

Nemendafjöldi er um 80 í grunnskóla og 30 í leikskóla.

Við Þingeyjarskóla eru eftirtalin störf laus til umsóknar:

Grunnskólakennari: 70 – 80% staða með áherslu á kennslu á yngsta stigi. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af vinnu með Byrjendalæsi eða vilja til að sækja slíkt námskeið og kenna samkvæmt því.

Sérkennari: 100% staða. Æskilegt er að viðkomandi hafi meistaraþróf í sérkennslufræðum, reynslu af kennslu nemenda með sérþarfir og réttindi til að leggja fyrir helstu greinandi próf.

Náms- og starfsráðgjafi: 20-25% staða. Viðkomandi þarf að hafa menntun í náms- og starfsráðgjöf eða sambærilega menntun.

Reynsla af störfum við námsráðgjöf æskileg.

Fimm stöður leikskólakennara:

fjórar stöður, hver þeirra 80- 100% og ein staða 60-80 %.

Umsækjendur þurfa að hafa faglegan metnað og góða samskiptafærni auk þess að vera skipulagðir, stundvísir, heilsuhraustir, jákvæðir, lausnamiðaðir, sveigjanlegir og hafa ánægju af því að vinna með börnum. Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri:

Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir (S: 864-4310 / 464-3582 /464-3178)

Umsóknir óskast sendar til harpa@thingeyjarskoli.is

Umsókninni skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf umsækjenda, leyfisbréf leik- og grunnskólakennara eftir því sem við á og upplýsingar um þátttöku umsækjenda í verkefnum sem tengjast kennslu eða störfum með börnum.

Ráðið verður í stöðurnar frá og með 1. ágúst 2014 (grunnskóli) eða 12.ágúst 2014 (leikskóli).

Umsóknarfrestur er til 21. maí 2014.

X A - Samstaða

Skólafélagið Samstöðu

Við viljum útskýra skólafélaginu okkar betur þar sem hún er sá þáttur sem við erum mest spurð út í.

Ástæður þess að við viljum hafa íbúakosningu á skólavæði Þingeyjarskóla eru:

- að þar sem skólamála eru mjög viðkvæmur málaflakur þá viljum við vinna að þeim málaflaki í samráði við skólafélagið eins og unnt er. Því finnst okkur rétt að það liggi fyrir skýr vilji og umboð frá skólafélaginu um hvort skólinn eigi að vera undir einu þaki eða ekki.
- að það eru notendur þjónustunnar, íbúar á skólavæðinu sem kjósa um tilhögun skólamála á sínu skólavæði. Þetta gerir það að verkum að aðrir íbúar sveitarfélagsins ráða ekki tilhögun skólamála á skólavæði sem þeir eru ekki partur af. Þá mun niðurstaða væntanlegrar íbúakosningar gefa skýrari mynd af vilja íbúa á skólavæði Þingeyjarskóla.
- að fyrir íbúakosninguna sem verður haustið 2014 munum við láta vinna greinargerð um kostnað við rekstur skólanna. Hvað sparast með sameiningu undir eitt þak? Hver verður félagsleg breyting? Hvernig styrkist faglega starfið? Þannig geta íbúar tekið sem upplýstasta ákvörðun.
- að sveitarstjórn mun taka ákvörðun í framhaldinu um staðsetningu hins sameinaða skóla (verði það niðurstaða íbúakosningarinnar). Sú ákvörðun mun byggja á því hvar er hagkvæmast að hafa sameinaðan skóla, faglega, fjárhagslega og félagslega. Ákvörðun sveitarstjórnar tekur gildi haustið 2015.

Samstaða telur að ekki sé rétt að breyta starfsemi Stórutjarnaskóla á næsta kjörtímabili, að öðru leyti en því að gera hagræðingarkröfu þar eins og annars staðar í fræðslumálunum. Rökkin fyrir því eru m.a. vegalengdir í sveitarfélaginu, væntingar um fjölgun íbúa á skólavæði Stóru-

X A - Samstaða

Skólafélagið Sveitunga

Því óvissuástandi sem nú ríkir varðandi skólafélagið í Þingeyjarsveit þarf að linna.

Verulegur ágreiningur er innan sveitarfélagsins varðandi stefnu í fræðslumálum.

Ein forsenda þess að breytingar heppnist vel er að þær séu vel ígrundaðar og nauðsynlegra upplýsinga sé aflað.

Nokkrir valkostir eru fyrir hendi varðandi framtíð skólafélagsins í Þingeyjarsveit og því höfnum við íbúakosningu í hluta sveitarfélagsins um einungis tvo valkosti þar sem fleiri möguleikar virðast til staðar.

Stefnt skal að því að sameina alla grunnskóla sveitarfélagsins (að meðtöldum leikskóladeildum, þremur eða fleiri og tónlistardeildum) í eina stofnun, með einum yfirmanni.

Í framhaldi af því þarf að gera **kostnaðargreiningu** á þeim valkostum sem fyrir hendi eru, leggja mat á félagsleg áhrif þeirra og taka tillit til hagsmuna barna í sveitarfélaginu. Einnig þarf að meta með hvað hætti hin mismunandi skólafélagi geta best stutt hvert annað.

Skoða þarf eftirtalda valkosti sérstaklega.

- ◇ Einn skóli með þremur starfstöðvum og litlum breytingum öðrum en þeim að kennarar væru ráðnir að sameiginlegum skóla (sem gæti leitt til betri nýtingar á starfsliði).
- ◇ Einn skóli á þremur starfstöðvum en 8. – 10. bekkur á einum stað. (Áfram reknar leikskóladeildir á þremur til fjórum stöðvum og tónlistardeild á hverri starfstöð.)
- ◇ Einn skóli á tveimur starfstöðvum.

Niðurstöður ofangreindra athugana á valkostum skal kynna íbúum sveitarfélagsins á fyrstu mánuðum ársins 2015.

Stefnt skal að því að framtíðarstefna í skólafélaginu sveitarfélagsins liggi fyrir á árinu 2015.



Okkur vantar ennþá starfsfólk
til sumarstarfa hjá Heiðarbæ,
Um hlutastörf getur verið að ræða
Upplýsingar í síma 894 8718 og 864 0118
Senda má upplýsingar á info@heidarbaer.is

Framboðslisti Sveitunga til sveitarstjórnarkosninga í Þingeyjarsveit :

- | | | |
|-----|---------------------------|--------------|
| 1. | Ragnar Bjarnason | Hvítafelli |
| 2. | Sig. Hlynur Snæbjörnsson | Breiðumýri 3 |
| 3. | Ketill Indriðason | Fjallsgerði |
| 4. | Baldvin Kr Baldvinsson | Torfunesi |
| 5. | Sigurlaug Svavarsdóttir | Brún |
| 6. | Freydís Arngrímsdóttir | Hömrur |
| 7. | Ari Heiðmann Jósavínsson | Miðhvammi |
| 8. | Birna Óskarsdóttir | Laugabrekku |
| 9. | Jóhanna Sif Sigþórsdóttir | Lautavegi 3 |
| 10. | Friðgeir Sigtryggsson | Breiðumýri |
| 11. | Teitur Erlingsson | Brún |
| 12. | Guðný Þorbergsdóttir | Hólum 2 |
| 13. | Haraldur Bóasson | Lautavegi 11 |
| 14. | Ari Teitsson | Hrísur |

XA - Samstaða

tjarnaskóla með tilkomu Vaðlaheiðarganga. Samstaða telur að ekki sé meirihlutavilji innan sveitarfélagsins til frekari sameiningar en nú er boðað að kjósa um.

Samstaða telur ekki raunhæfan kost að reka unglíngadeild á einum stað enda myndi það skilja eftir mjög fámennar og veikar einingar. Samstaða telur að ekki séu aðrir raunhæfir kostir í boði en að reka áfram grunnskóla eins og þeir eru nú eða sameina Þingeyjarskóla undir eitt þak og reka þá tvo grunnskóla í sveitarfélaginu.

Að því gefnu að þátttaka í íbúakosningunni verði yfir 50% kjörgengra manna á skólasvæði Þingeyjarskóla mun Samstaða lúta vilja íbúa og kosningin verður bindandi. Nái kjörsókn hins vegar ekki 50% mun sveitarstjórn taka ákvörðun sem byggir á greinagerð sérfræðinganna sem unnin verður fyrir íbúakosninguna.

Leikskóladeildir verða reknir áfram þar sem þeirra er þörf og barnaföldi gefur tilefni til enda eru leikskólar nærþjónusta.

Tónlistardeildir fylgja áfram grunnskóladeildum.

Rétt er að taka það fram að skóli er ekki hús, skóli er starfsemi. Við erum eitt sveitarfélag og komum alltaf til með að eiga okkar skóla óháð staðsetningu

Stjórnsýsla

Samstaða leggur til að fjórar fastanefndir starfi í sveitarfélaginu. Þær verði fræðslunefnd, félags- og menningarmálanefnd, skipulags, og umhverfisnefnd og atvinnuálanefnd, enn fremur að ný sveitarstjórn gangi til samninga við núverandi sveitarstjóra um áframhaldandi starf.

XA - Samstaða

XA - Samstaða



Vorfundur

Kvenfélags Reykdæla

verður haldinn í Húsmæðraskólanum

fimmtudaginn 22. maí kl. 20:00

Við tökum vel á móti nýjum félagskonum.

Að loknum fundarstörfum fá allar konur nýtt "starfsheiti"

Stjórnin.

Sumarblóm- Sumarblóm- Sumarblóm



Kvenfélag Reykdæla verður með sína árlegu sumarblómasölu 5.júní á Laugum.

Nauðsynlegt er að panta sumarblómin , tegundir og fjölda, hjá Bryndísi í síma 4642240 eða senda tölvupóst á bryndis@bryndis.is.

Blómin koma frá Sólskógum á Akureyri.

Verðið verður það sama og hjá þeim.

Nýtið endilega þessa frábæru þjónustu, og fáið blómin heim í Lauga.

Kvenfélag Reykdæla

19.tbl.
15. maí
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Heilbrigðisstofnun Pingeyinga

KONUR!

Krabbameinsskoðun fer fram

á **Húsavík** 19. - 22. maí 2014.

Tekið er við tímapöntunum í **síma 464-0500** alla virka daga kl. 10.30 - 13 og 14 - 16.

Krabbameinsskoðun fer fram

á Þórshöfn 2. – 3. júní 2014.

Tekið er við tímapöntunum í **síma 464-0600** alla virka daga á opnunartíma stöðvar.

Hugsaðu um heilsuna og pantaðu þér tíma!



Frá Tónlistardeild Litlulaugaskóla

Vortónleikar nemenda verða haldnir í Félagsheimilinu að Breiðumýri laugardaginn 17. maí klukkan 14:00.

Fjölbreytt efnisskrá - Allir velkomnir.

Deildarstjóri.